

**Mál nr. 128/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/sjúkra- og slysatryggingar**

**Ágreiningur um réttarstöðu, réttaráhrif upplýsingaskyldu  
vegna töku vátryggingar á árinu 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20.05. 1999.
2. Vátryggingarskilmálar sjúkra- og slysatryggingar.
3. Læknisvottorð dags. 12.04. 1999.
4. Beiðni um sjúkra- og slysatryggingu dags. 04.08. 1998.
5. Tjónstilkynning dags. 11.03. 1999.
6. Yfirlit um afstöðu vátryggingafélagsins dags. 10.05. 1999.
7. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 03.06. 1999.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 568/1999.

**Málsatvik.**

Vátryggingin var tekin á árinu 1998. Vátryggingabeidnin var samþykkt í ágúst það ár. Vátryggingafélagið hafnar beiðni M um dagpeningagreiðslur vegna starfsorkuskerðingar af völdum sjúkdóms í liðum. Félagið upplýsir að M hafi tilkynnt félaginu 11.03. sl. að hún væri óvinnufær og hafi óskað greiðslu dagpeninga.

Félagið vísar til fyrirbyggjandi læknisvottorðs þar sem fram komi að M þjáist af úlnliðseinkennum og að hún hafi leitað til læknis vegna sama sjúkdóms á árinu 1996 en einkennin hefðu byrjað um áramótin 1995-1996. Að M hafi ekki í vátryggingabeidni greint frá því að hún hafi þjáðst af umræddum sjúkdómi rúmum tveim árum fyrir töku vátryggingarinnar. Félagið hefði væntanlega undanþegið sig ábyrgð vegna afleiðinga þessa. Það telur að M eigi ekki bótarétt vegna úlnliðssjúkdómsins. M hafi fyrirgert rétti sínum til bóta skv. 6. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Í yfirliti vátryggingafélagsins dags. 10.05. sl. kemur m.a. fram að M hafi svarað spurningu í vátryggingabeidni á árinu 1998 neitandi um sjúkdóma í beinum, liðum eða vöðvum. Þá er þess og getið að ráðgefandi læknir félagsins telji það "langsótt" að um fylgikvilla á meðgöngu sé að ræða.

M lætur þess efnislega getið í málskotinu að hún hafi við undirritun vátryggingabeidni á árinu 1998 ekki haft einkenni frá síðustu meðferð í júní 1996. Hún hafi talið sig hafa fengið fullan bata. Hún hafi byrjað í hárgreiðslu í júní 1997 og starfað við það í rúmum tveim árum þegar vátryggingin var tekin. Eftir að hún varð ófrísk hafi hún leitað til læknis í febrúar 1999. Einkenni í vinstri úlnlið hefðu ekki komið fram fyrr en í mars 1999 og í því sambandi vísar hún til fyrirbyggjandi læknisvottorðs. M telur að þar sem hún hafi ekki haft þrautir í vinstri úlnlið fyrr en í mars 1999 og ekki hafi verið talin ástæða til annarrar meðferðar á hægri úlnlið en æfingar og teygjur fyrr en í mars 1999 telur hún að höfnun á greiðslu bóta eigi ekki við rök að styðjast.

**Álit.**

Fyrirbyggjandi læknisvottorð getur þess að M hafi leitað læknis í apríl 1996 vegna þess að hún hafi verið með vaxandi höfuðverk, dofa í andliti og höndum fram í fingur hægra megin. Einkennin hefðu byrjað um áramótin 1995-1996. Getið er skoðunar og m.a. merkja um "úlnliðsheilkenni" hægra megin. Fram kemur að á árinu 1999 hafi M leitað til læknis að nýju. "Við skoðun var hún með væg merki um úlnliðsheilkenni hægra megin sem áður. Var skrifuð ný beiðni til iðjuþálfara fyrir handaræfingum, fræðslu, teygjum og nýrri úlnliðsspelku. Einnig kom til greina að hún færi aftur í sjúkrahjálfun..." Að öðru leyti vísast til umrædds læknisvottorðs sem óþarft er að endursegja.

Í váttryggingabeiðni M á árinu 1998 svaraði hún spurningu neitandi um hvort hún hafi eða hafi haft einkenni sjúkdóma í beinum, úlnliðum eða vöðvum. Miðað við fyrirbyggjandi gögn telur nefndin að M hafi vegna þessa gefið rangar upplýsingar við töku váttryggingarinnar og að hún hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslu bóta skv. 6. gr. laga um váttryggingarsamninga. Það breytir ekki framanrituðu þó að M hafi fyrst fengið þrautir í vinstri úlnlið á árinu 1999.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri sjúkra- og slysatryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 15. júní 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.